

Nr. 9.
9.
febrúar.

Lög

um

brot á veiðirjetti í ám og vötnum.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hvar þess er maður veiðir óheimilt í annars manns veiðivatni, skal hann sekur um 5—100 krónur og bæti veiðieiganda auk þess skaða allan; telst þar með andvirði hinnar óheimilu veiði, ef nokkur er. Nú hittist maður með veiðarfæri við annars manns veiðivatn fyrir utan venjulega vegi, og getur eigi sannað, að hann hafi haft neitt lögmætt erindi þar, og skal hann þá sæta hinum sömu sektum, sem hann hefði verið staðinn að ólöglegri veiði. Sektirnar renna í landssjóð.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum sæta meðferð sem einkalögreglumál og má kæra þau hvort er fyrir lögreglurjetti þess staðar, þar er brotið er framið, eða á heimilisþingi þess, er brotið hefur. Sókn á eigandi veiðivatns, eða sá, er veiðirjett hefur.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 9. febrúar 1900.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Herring.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Indgreb i Fiskerettighed i Elve og Indsøer.

Nr. 9.
9de
Febr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov

§ 1.

Enhver, som uden Hjemmel fisker i en anden Mandes Fiskevand, anses med Bøder fra 5—100 Kroner og bør desuden give Ejeren af Fiskeriet fuld Erstatning for den lidte Skade, hvorunder henregnes Værdien af den uhjemlede Fangst, forsaavidt noget er fanget. Antreffes nogen med Fiskeredskaber ved Andenmands Fiskevand udenfor Afarvej uden at kunne bevise, at han er kommet der i lovligt Grinde, ifalder han den samme Bøde, som om han var greben i ulovligt Fiskeri. Bøderne tilfalde Landskassen.

§ 2.

Overtredelser af denne Lov behandles som private Politifager enten for Politiretten paa det Sted, hvor Overtredelsen er begaaet, eller ved Overtrederens Værneting. Ejeren af Fiskevandet eller Indehaveren af Fiskeriet er rette Sagsøger.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9de Februar 1900.

Ministeriet for Island, den 9de Februar 1900.

Hørring.

Ólafur Halldórsson.